

# Loftgæði á Íslandi: Ársskýrsla 2020

## Yfirlit úr ársskýrslu loftgæða 2020

Styrkur svifryks, brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs og brennisteinsvetnis var innan heilsuverndarmarka fyrir árið og leyfilegs fjölda skipta yfir heilsuverndarmörkum efnanna á öllum mældumstöðum á landinu árið 2020.

Ársmeðaltal svifryks var það minnsta sem hefur mælst á Grensásvegi frá því að mælingar hófust, sem skýrist líklega vegna samspili veðurfars og minni umferðar vegna heimsfaraldurs COVID19. Köfnunarefnisdíoxíð dregst einnig saman á milli ára á flestum stöðvum vegna minni umferðar.

# Niðurstöður

Efni	Heilsuverndarmörk			Hversu oft fór yfir 2020	Undir heilsuverndarmörkum
	Meðaltími	Mörk ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	Má fara yfir		
Gróft svifryk  PM <sub>10</sub>	24-klst	50	35x á ári	10x Akureyri, 6x Grensásv., 3x Bústaðarveg, 2x Dalsmára 1x Húsdýrag., Hvaleyrarholti, Kríuvörðu, PCC Norðurstöð	✓
	Ár	40		Var undir ársmeðaltali	✓
Fínt svifryk  PM <sub>2,5</sub>	Ár	20		Var undir ársmeðaltali	✓
Brennisteinsdíoxíð  SO <sub>2</sub>	1-klst	350	24x á ári	Aldrei	✓
	24-klst	125	3x á ári	Aldrei	✓
Brennisteinsvetni  H <sub>2</sub> S	24-klst	50	3x á ári	1x Hveragerði, Grindavík, Norðlingaholt	✓
	Ár	5		Var undir ársmeðaltali	✓
Köfnunarefnisdíoxíð  NO <sub>2</sub>	1-klst	200	18x á ári	1x Grensásvegi	✓
	24-klst	75	7x á ári	3x Grensásvegi	✓
	Ár	40		Var undir ársmeðaltali	✓